

Þriðji fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn þriðjudaginn 12. nóvember, 2013, klukkan 17:30 í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.

Fyrst á dagskrá var atriði nemenda í áfanga á leiklistarbraut og að því loknu sagði Bjarni Snæbjörnsson, leiklistarkennari, frá brautinni. Eftir það færðum við okkur á kennarastofuna þar sem Kristinn Þorsteinsson, skólameistari sagði okkur frá skólanum og svaraði fúslega spurningum okkar. Eftir það héldum við formlegan fund.

Fundinn sátueftirtaldir félagar í Gammadeild: Anh Dao Train, Árný Elíasdóttir, Björk Einisdóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir kennslukona, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnar, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir og Helga Thorlacius.

Bjarni lýsti leiklistarbrautinni svohljóðandi í stuttu máli: Nemendur í leiklistaráfanga 406 sýndu okkur opunarverk þar sem mikil áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu. Í áfanganum eru samsköpunaraðferðir í leiklist skoðaðar ítarlega og hugmyndafræði aðferðanna eru kynntar. Nemendur kynnast hugtakinu „opnun“ og þurfa að gera mörg verkefni þar sem sérstök áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu. Áhersla er lögð á að nemendahópurinn komist að sameiginlegri niðurstöðu um þau viðfangsefni sem lögð eru til grundvallar hinu skapandi starfi. Einnig er lögð áhersla sameiginlegt sköpunarferli og framlag hvers og eins í ferlinu. Áfanganum lýkur með sýningu. Fulltrúar nemendanna, sem tóku að sér að sýna fyrir okkur, stóðu sig með einstakri þrýði og sýndu gott dæmi um sameiginlegt sköpunarferli og framlag hvers og eins fékk svo sannarleg að njóta sín í verki þeirra.

Kristinn Þorsteinsson skólameistarisagði stuttlega frá skólnum og ræddi um nýja námskrá og hversu mikilvægt væri að virkja kennara í breytingarferlinu. Hann sagði meðal annars að 60 mínútna kennslustundir væru of langar fyrir nemendur og vildi meina að 50 mínútna kennslustundir væru ákjósanlegra fyrirkomulag, að nemendur haldi ekki athygli lengur samkvæmt rannsóknum og vitnaði í máli sínu í rannsókn Gerðar G. Óskarsdóttur, Gammasystur okkar. Skólinn hefur nú þegar tekið upp það fyrirkomulag að stytta kennslustundirnar. Ákveðinn tími er svo veittur þeim nemendum sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda í náminu. Þetta fyrirkomulag hefur gefist einstaklega vel í Fjölbraskólanum í Garðabæ.

Kristni var færð rós fyrir sérlega hlýjar og skemmtilegar móttökur Gammasystra í skólann. Hann var beðinn um að skila kærri kveðju frá okkur til Elísabetar Siensen, aðstoðarskólameistara, sem var vant við látn þennan dag.

Tekið fyrir á formlegum fundi: Formaður, Árný Elíasdóttir, setti fund, bauð konur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Síðan var nafnakall. Alls sóttu 23 konur fundinn. Rætt var að í deildinni væru 36 félagar. Árný las yfir tilnefningar um mögulega nýja féлага í Gammadeild. Hún hvatti konur til að hafa vökul augu varðandi nýja féлага og bað viðstaddar um að senda stjórninni tilnefningar.

Árný hvatti okkur til að hafa til hliðsjónar við tilnefningar og val, aldur, menntun og störf þeirra kvenna sem fyrir valinu verða. Ákveðið var að Árný, formaður deildar, tæki tilnefningar saman og sendi okkur tímanlega fyrir næsta fund, sem er jólafundur Gammadeildar. Fundurinn verður haldinn mánudaginn 9. desember hjá Sigrúnu Aðalbjarnardóttir (yngri) að Hvassaleiti 89.

Rætt var um næsta vorþing DKG sem haldið verður 10. maí 2014 á Ísafirði. Konur voru hvattar til að fjölmenna á fundinn.

Að lokum benti Árný okkur á að skoða Facebook síðu DKG.

Fundargerð skráði Björk Einisdóttir.